

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2021
UST202105-012/B.S.
10.05.05

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Rannsóknarholu við Reykjanesvirkjun. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 29. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Ráðist er í borun rannsóknarholu annars vegar til að kanna möguleika á niðurdælingu og hins vegar mögulega nýtingu til orkuframleiðslu utan svonefnis miðsvæðis sem telst fullnýtt.

Skoðaðir eru þrír valkostir um staðsetningu borteigs og er aðalvalkostur framkvæmdaaðila er valkostur HAL 3 sem er innan skilgreinds iðnaðarsvæðis.

Talið er að valkostur HAL 3 sé bestur ef holan reynist nothæf sem vinnsluhola vegna styttri lagnaleiðar að virkjuninni.

Allir valkostir munu valda raski í hrauni. Framkvæmdin er innan iðnaðarsvæðis sem þegar er búið að raska með mannvirkjum og fjölda borhola. Umhverfisstofnu telur ekki líklegt að frekari boranir á þessu svæði muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Til að draga úr raski telur Umhverfisstofnun að reyna eigi að nýta núverandi slóðir sem aðkomu að borholum þar sem lagfæring á legu núverandi slóða muni hafa minni umhverfisáhrif í för með sér en lagning nýrra vega.

Einnig ætti að vakta möguleg áhrif á jarðhitavirkni á hverasvæði í næsta nágrenni borplans ef af nýtingu verður.

Umhverfisstofnun telur gögnin góð og ítarleg og er sérstaklega ánægjulegt að sjá leiðbeiningar um landmótun og frágang borteiga í greinargerðinni.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur